



Íslenskir staðlar

REGLUR UM ÞÁTTTÖKU Í STAÐLASTARFI Á VEGUM STAÐLARÁÐS ÍSLANDS

Reglurnar eiga við um alla stöðlunarvinnu í tækninefndum Staðlaráðs Íslands, hvort heldur sem er á vegum fagstaðlaráða, fagstjórna eða annarra og þátttöku í staðlastarfi í evrópskum og alþjóðlegum staðlasamtökum. Verklagsreglur vottaðs gæðastjórnunarkerfis Staðlaráðs taka mið af þessum reglum.

1 HLUTVERK STAÐLARÁÐS ÍSLANDS SEM SAMSTARFSRÁÐ ÞEIRRA SEM HAGSMUNA Hafa að Gæta af Stöðlum

Staðlaráð Íslands eru hlutlaus og sjálfstæð aðildarsamtök um stöðlun samkvæmt lögum nr. 36/2003. Hlutverk þess er að vera samstarfsráð þeirra sem hagsmuna hafa að gæta af stöðlum.

Reglugerð framkvæmdastjórnar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1025/2012 um evrópska stöðlun hefur verið innleidd í íslensk lög með reglugerð 798/2014. Hún segir til um samvinnu evrópskra staðlasamtaka sín á milli, samvinnu við framkvæmdastjórn ESB og um starfsemi staðlasamtakanna sjálfra. Staðlaráð Íslands hefur m.a. það hlutverk að staðfesta evrópska staðla sem íslenska samkvæmt því kerfi sem lagt er upp með í reglugerðinni og leiðir af aðild okkar að EFTA.

Evrópskir staðlar eru verkfæri sem auðvelda viðskipti og stuðla að samkeppnishæfni atvinnulífs á innri markaði í Evrópu. Þess vegna eru gerðar ríkar kröfur til staðlasamtaka um að staðlar leiði ekki til viðskiptahindrana. Staðlaráð Íslands er hinn lögformlegi aðili á Íslandi sem staðfestir með formlegum hætti íslenska staðla, óháð því hvar þeir verða til.

Staðlará Íslands hefur, samkvæmt kröfum reglugerðar 798/2014 og sem meðlimur í CEN, CENELEC og ETSI (evrópsku staðlasamtökin), skuldbundið sig til að innleiða alla evrópska staðla og staðfesta þá sem íslenska staðla. Staðlaráði Íslands er enn fremur skylt að uppfylla kröfur um um sjálfstæði, skilvirkni, aðgengi, sammæli, fjárhagslegan stöðugleika og að bjóða fullnægjandi lausnir á ýmsum sviðum vegna aðildar að ofangreindum samtökum. Staðlaráði ber einnig að birta opinberlega upplýsingar um öll stöðlunarverkefni og alla staðla sem hafa verið staðfestir auk þess að auglýsa frumvörp staðla.

Staðlaráð Íslands á einnig aðild að ISO (e. International Standardization Organization) og IEC (e. International Electrotechnical Commission). Valdir staðlar frá ISO og IEC hafa verið staðfestir sem íslenskir staðlar, oftast í íslenskri þýðingu.

2 FERILL STÖÐLUNARVERKEFNA

Allir hagsmunaaðilar hafa aðgang að staðlastarfi og geta því haft áhrif á innihald staðla á meðan þeir eru í vinnslu.

Staðlar eru unnir í tækninefndum hjá Staðlaráði Íslands og er þátttakendum skylt að fylgja þessum reglum um þátttöku í stöðlunarverkefnum.

Staðlaráð Íslands tilkynnir um öll ný stöðlunarverkefni, bæði innanlands og hjá evrópsku staðlasamtökunum CEN eða CENELEC til að tryggja gagnsæi, að koma í veg fyrir að unnið sé að samskonar stöðlun á tveimur stöðum, til að tryggja að efni staðals skarist ekki við gildandi staðla og til að koma í veg fyrir viðskiptahindranir.

2.1. Meginreglur stöðlunarvinnu

Öll stöðlunarvinna byggir á gagnsæi, frjálsri þátttöku hagsmunaaðila og sammæli. Í því felst að hagsmunaaðilar hafa aðgang að fundargerðum, gögnum nefndarinnar og öðrum upplýsingum sem varða stöðlunarstarfið.

Skilgreiningu á sammæli er að finna í ÍST-EN 45020:2006: Sammæli telst hafa náðst þegar ekki er viðvarandi andstaða við mikilvæga hluta staðalsins hjá þeim sem mestra hagsmuna hafa að gæta og þeirri stöðu hefur verið náð með ferli þar sem leitast er við að taka tillit til skoðana allra hlutaðeigandi aðila og sætta andstæða/ólíka hagsmuni. (e. consensus: general agreement, characterized by the absence of sustained opposition to substantial issues by any important part of the concerned interests and by a process that

involves seeking to take into account the views of all parties concerned and to reconcile any conflicting arguments)

Sammæli þýðir ekki endilega að niðurstaðan sé samhljóða/einróma.

2.2. Höfundaréttur

Staðlaráð Íslands fer með höfundarétt að öllum skjölum sem unnin eru á vettvangi ráðsins. Þátttakendur í stöðlunarvinnu hafa ekki heimild til að afrita eða dreifa stöðlum eða öðrum stöðlunarskjölum án heimildar Staðlaráðs Íslands. Með þátttöku í stöðlunarstarfinu framselja nefndarmenn framlag sitt til viðkomandi staðlastofnunar (Staðlaráðs Íslands, CEN, CENELEC, ETSI, ISO og/eða IEC).

2.3. Ný stöðlunarverkefni

Aðilar að Staðlaráði Íslands, stjórn, fagstaðlaráð, hagsmunasamtök og aðrir hagsmunaaðilar geta lagt fram tillögur að nýjum stöðlunarverkefnum. Staðlaráð Íslands getur jafnframt lagt fram slíka tillögu. Ráðið metur slíkar tillögur út frá markaðspörf og aðgengi að auðlindum, einkum hvað varðar þátttakendur og fjármögnun.

Fylgst er með tillögum að nýjum stöðlunarverkefnum frá ISO, IEC, CEN og CENELEC. Séu þær taldar eiga erindi við innlenda hagsmunaaðila er þeim tilkynnt um þær og þær teknar fyrir hjá fagstaðlaráðum til að kanna áhuga innlendra aðila á þátttöku í erlendum verkefnum. Að öðru leyti fylgjast hagsmunaaðilar í atvinnulífinu og hjá stjórnvöldum með þróun eigin málaflokka.

2.4. Mismunandi tegundir stöðlunarskjala

Staðlaráð Íslands stendur að gerð mismunandi tegunda stöðlunarskjala, svo sem staðla, tækniforskrifta, tækniskýrsla, vinnustofusamþykkt, handbóka, eyðublaða og leiðbeininga. Gerð stöðlunarskjala er lýst í verklagsreglum í vottuðu gæðastjórnunarkerfi Staðlaráðs Íslands og *Reglum um tækniforskriftir, tækniskýrslur og vinnustofusamþykktir* sem samþykktar voru af stjórn Staðlaráðs 7. maí 2018.

2.5. Innihald stöðlunarskjala

Staðlar endurspeglar þarfar samfélagsins og markaðarins og eru skrifaðir í samræmi við gildandi ritreglur. Í því felst að alla jafna er staðlað íðorðasafn Staðlaráðs Íslands notað við skrif á stöðlunarskjölum.

Innihald stöðlunarskjala skal uppfylla samræmdar kröfur eins og þeim er lýst í regluverki evrópskra og alþjóðlegra staðlasamtaka og verklagsreglum Staðlaráðs Íslands sem lýst er í vottuðu gæðastjórnunarkerfi ráðsins.

Við skilgreiningu nýrra stöðlunarverkefna þarf að íhuga umhverfisþætti, neytendavernd, þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja og heildarmynd allra hagsmunaaðila.

2.6. Ferlar

Ferlum við gerð alþjóðlegra staðla er lýst í regluverki evrópskra og alþjóðlegra staðlasamtaka.¹ Ferlar við gerð séríslenskra stöðlunarskjala og þýðinga á erlendum byggja á sömu forsendum og eins og þeim er lýst í vottuðu gæðastjórnunarkerfi Staðlaráðs Íslands.

Komi fram misræmi á milli innlendra krafna og krafna í stöðlum er metið hvort fyrir hendi séu aðstæður til að krefjast frávíks. Séu aðstæður til slíkrar kröfu réttlætanager er tilkynnt um frávik með því að óska undanþágu eða óska sérstaks viðauka við viðkomandi staða. Tilkynning um frávik frá evrópustaðli er þannig formleg tilkynning frá innlendum staðlasamtökum til evrópusamtakanna um að fyrir hendi séu innlendar lagalega bindandi kröfur sem stangast á við innihald evrópustaðalsins. Upplýsingar um slík frávik eru birtar í viðauka við viðkomandi staðal (Annex ZB). Tilkynningar um slík frávik þurfa að berast eins snemma og mögulegt er í stöðlunarferlinu. Nánari upplýsingar um réttlætanager ástæður og þetta ferli er að finna í reglum evrópusamtakanna.²

¹ CEN-CENELEC, Internal regulations, part 1D: CEN and CENELEC Membership Requirements
CEN-CENELEC, Guide 22: Guide on the organizational structure and processes for the assessment of the membership criteria of CEN and CENELEC

² Internal Regulations, Part 2 – Common rules for Standardization Work

Kyrrstaða (e. stillstand) er krafa til allra meðlima evrópsku staðlasamtakanna um að hefja ekki innlent stöðlunarstarf sem stangast á við gildandi evrópustaðla eða yfirstandandi stöðlunarstarf á vegum evrópsku staðlasamtakanna.

Sjá nánar um stöðu stöðlunarskjala í STG 05 í gæðakerfi Staðlaráðs, samanber viðauki nr. 5.

2.6.1. Opinbert samráð

Frumvörp sem ætlunin er að staðfesta sem íslenska staðla eru auglýst opinberlega og hagsmunaaðilum gefnar 8 vikur að lágmarki til að senda inn athugasemdir og tillögur við þau.

Allar athugasemdir og tillögur eru teknar fyrir af tækninefndinni og meðferð þeirra skjalfest. Hagsmunaaðilar utan Íslands hafa einnig tækifæri til að gera athugasemdir og koma með tillögur. Fjallað er um þær á sama hátt og innlendar.

Þegar til er fagstaðlaráð á viðkomandi sviði fær það frumvarp til umsagnar áður en það er auglýst í opinberu samráðsferli.

Þegar tækninefnd hefur tekið afstöðu til allra fram kominna athugasemda eru þær sendar þeim sem þær gerðu.

Leiði meðferð tækninefndar til efnislegra breytinga á frumvarpi er það auglýst að nýju.

2.6.2. Staðfesting staðla

Öll stöðlunarskjöl eru staðfest af sérstakri staðfestingarnefnd hjá Staðlaráði Íslands samkvæmt ákvæðum *Starfsreglna Staðlaráðs* og verklagsreglum í vottuðu gæðastjórnunarkerfi.

3 ÞÁTTTAKA Í INNLENDU STÖÐLUNARSTARFI

3.1. Hlutverk tækninefnda

Tækninefndir hafa ýmist umboð til að undirbúa eða endurskoða innlend stöðlunarskjöl en þær get líka verið spegilnefndir fyrir eina eða fleiri tækninefndir hjá evrópskum eða alþjóðlegum staðlasamtökum. Sama nefnd getur haft bæði verkefnið með höndum.

3.2. Stofnun og niðurlagning tækninefndar

Tækninefndir eru stofnaðar af fagstaðlaráðum eða eftir atvikum stjórn Staðlaráðs, yfirleitt, samkvæmt beiðni frá hagsmunaaðilum. Stjórn Staðlaráðs staðfestir stofnun tækninefnda.

Tækninefndir eru skipaðar til þriggja ára. Heimilt er að framlengja skipunartímann en við framlengingu þarf að fara fram endurskoðun á þátttöku hagsmunaaðila í henni til að tryggja rödd allra sem hafa hagsmuna að gæta. Sjá nánar ákvæði 3.3. um lýsingu á verkefnum tækninefnda.

3.2.1. Umboð og fjármögnun

Umboð tækninefndar og fjármögnunarrámi hennar leggja grunn að starfi hennar. Fagstaðlaráð eða eftir atvikum stjórn Staðlaráð Íslands veitir umboð og staðfestir fjármögnunarramma tækninefnda auk þess að staðfesta skipan fulltrúa í tækninefndina.

3.2.2. Skipun fulltrúa í tækninefndir

Þess skal gætt að fulltrúar allra hagsmunaaðila fái tækifæri til að taka þátt í starfi nefndarinnar.

Við skipan tækninefndar má til dæmis íhuga þátttöku eftirtaldrá:

Atvinnulíf: framleiðendur, hönnuðir, þjónustuaðilar, söluaðilar, bankar og fjármálastofnanir, félagasamtök og samtök úr atvinnulífinu

Stjórnvöld: stofnanir og samtök á vegum ríkis og sveitarfélaga

*Neytendur: neytendasamtök og samtök einstakra hópa svo sem eldri borgara og fatlaðra
Stéttarfélög og félagasamtök launþega
Háskólar og rannsóknarstofnanir
Vottunar- og prófunarstofur auk Faggildingarsviðs Hugverkastofu
Félagasamtök
Sjálfsseignarstofnanir sem standa vörð um samfélagslegar umbætur og umbætur á sviði umhverfismála.*

Starf einstaklinga í tækninefndum er á vegum þess lögaðila sem á sæti í nefndinni. Með lögaðila er átt við fyrirtæki, samtök eða ríkisstofnun sem formlega er skipuð og með einstaklingi er átt við fulltrúa þess lögaðila í nefndinni. Víkja má frá þeirri kröfu þegar einstaklingar taka sæti í tækninefnd vegna sérfræðipækkingar sinnar.

Jafnvægi þarf að ríkja um starf tækninefndarinnar. Í því felst að huga þarf að jafnvægi í samsetningu, bæði hvað varðar þátttöku hagsmunaaðila en einnig með tilliti til aldurs, kynjasamsetningar og svo framvegis. Ef þetta jafnvægi riðlast á meðan á störfum tækninefndarinnar stendur skal íhuga skipan nýrra þátttakenda til starfa í nefndinni.

Skipa má áheyrnarfulltrúa í tækninefndir við séríslenska stöðlun og í sérstökum tilvikum. Áheyrnarfulltrúar hafa ekki atkvæðisrétt í nefndinni en hafa málfrelsi og tillögurétt. Þeirra afstaða til einstakra mála ræður því ekki hvort sammæli næst.

Aðild að Staðlaráði er ekki skilyrði fyrir þátttöku í tækninefndum.

Virgni þátttakenda er grundvallaratriði í stöðlunarstarfi. Hafi þátttakandi ekki verið virkur, það er mætt á fundi nefndarinnar eða með öðrum hætti tekið þátt í starfi hennar í heilt ár má einfaldur meirihluti þátttakenda víkja honum úr nefndinni. Sjá nánar um þátttöku í tækninefndarstarfi í viðauka 2.

3.2.3. Stofnun vinnuhópa innan tækninefnda

Tækninefnd getur stofnað vinnuhópa um einstök verkefni í starfi nefndarinnar. Umboð vinnuhópsins ræðst af ákvörðun tækninefndarinnar en það þarf að rúmast innan umboðs nefndarinnar sjálftrar. Vinnuhópum skal slitið þegar þeir hafa lokið verkefni sínu. Vinnuhópar skila niðurstöðum til tækninefnda sem samþykkja niðurstöður hans.

3.2.4. Kosning formanns tækninefndar

Formaður tækninefndar er kjörinn af nefndarmönnum. Störf formanns skulu einkennast af hlutleysi. Ritara nefndarinnar er heimilt, eftir samráð við framkvæmdastjóra Staðlaráðs að gera tillögu að formanni nýrrar tækninefndar. Komi nefndin sér ekki saman um formennsku úr sínum hópi getur fagstaðlaráð eða eftir atvikum framkvæmdastjóri Staðlaráðs Íslands skipað henni formann. Sjá viðauka 1 um nánari lýsingar á skyldum formanns tækninefndar.

3.2.5. Val formanns og ritara vinnuhóps

Fagstaðlaráð velja formenn og eftir atvikum ritara vinnuhópa. Fagstaðlaráði er heimilt að framselja heimild til vals á formanni og ritara til tækninefndar.

3.2.6. Ritara tækninefnda

Ritara tækninefnda, sem alla jafna eru verkefnastjórar Staðlaráðs Íslands, eru skipaðir af Staðlaráði. Hlutverk ritara er að tryggja faglega meðferð mála, gagnsæi, sammæli, samræmingu og gæta staðlatæknilegra sjónarmiða. Sjá viðauka 3 um nánari lýsingu á skyldum ritara tækninefnda.

3.3. Verkefni tækninefnda

3.3.1. Innlend stöðlunarvinna

Tækninefnd skal:

- a. fylgja því umboði sem henni er veitt
- b. undirbúa frumvarp að íslenskum staðli eða eftir atvikum endurskoða gildandi staðal. Verkefni hennar kann að fela í sér undirbúning að gerð annarra stöðlunarskjala eða annars konar afurða

- c. kanna hvort nefndarmenn muni í starfi nefndarinnar leggja fram efni sem felur í sér einkaleyfi eða efni sem háð er höfundarétti. Slíkt efni skal meðhöndla í samræmi við leiðbeiningar um samkeppnissjónarmið vegna þátttöku í staðlastarfi á vegum Staðlaráðs Íslands. Sjá viðauka 4.
- d. auglýsa frumvörp til umsagnar. Það er unnt að gera þó ekki hafi náðst sammæli um innihald þess. Í slíkum tilvikum þarf að gera grein fyrir því í auglýsingu hvaða atriði ágreiningur er um
- e. taka til meðferðar athugasemdir við frumvarp og gera rökstudda afstöðu tækninefndar til þeirra aðgengilega. Leiði þessi meðferð til verulegra breytinga á innihaldi stöðlunarskjals skal auglýsa það til umsagnar að nýju
- f. íhuga íslenskar þýðingar á stöðlum frá ISO og IEC eftir atvikum eftir ábendingum hagsmunaaðila
- g. íhuga þýðingar á séríslenskum stöðlunarskjölum yfir á erlend tungumál
- h. endurskoða séríslenska staðla eftir þörfum.

3.3.2. Eftirfylgni alþjóðlegs stöðlunarstarfs

Skyldur fulltrúa Staðlaráðs í alþjóðlegu samstarfi eru að leitast við að tryggja að fullnægjandi sammæli sé innanlands um afstöðu til mála á dagskrá. Þeir skulu einnig sjá til þess að stjórn Staðlaráðs og hlutaðeigandi fagstaðlaráði berist upplýsingar um mál á dagskrá og fullnægjandi skýrslur um fundarstörf.

Tækninefnd/spegilnefnd skal:

- a. fylgja umboði sínu við að gæta hagsmuna Íslands í stöðlunarstarfi CEN, CENELEC, ISO og IEC með eftirliti, þátttöku og eftirfylgd alþjóðlegrar stöðlunarvinnu
- b. fylgja reglum, ferlum og leiðbeiningum sem lýst er í regluverki ofangreindra samtaka
- c. stuðla að sammæli um evrópska og alþjóðlega staðla þegar það stangast ekki á við íslenska hagsmuni
- d. senda athugasemdir frá íslenskum hagsmunaaðilum við tillögur sem fram koma í starfi tækninefndarinnar og leita eftir samþykki fyrir fráviki ef innihald staðla er í ósamræmi við íslenskan rétt og réttlæt看ingarástæður eru fyrir hendi
- e. mæla með afstöðu við atkvæðagreiðslu Staðlaráðs Íslands um einstök stöðlunarverkefni. Sé samstaða um þá afstöðu mun Staðlaráð haga atkvæðagreiðslu í samræmi við hana. Staðlaráð Íslands getur greitt atkvæði gegn afstöðu spegilnefndar ef meðferð hennar á málinu er ekki í samræmi við kröfur til stöðlunarstarfs, svo sem um gagnsæi, frjálsta þátttöku hagsmunaaðila og svo framvegis
- f. leggja til þýðingar á heiti/titlum alþjóðlegra staðla sem ætlunin er að staðfesta sem íslenska og íhuga þörf á innlendum formála eða viðauka
- g. taka þátt í starfi tækninefnda, svo sem með þátttöku íslenskra sérfræðinga
- h. taka til endurskoðunar eða íhuga afturköllun á séríslenskum stöðlum þegar samsvarandi staðall hefur verið skrifaður á vettvangi ISO
- i. meta hvort tillögur að nýjum evrópustaðli stangast á við gildandi íslenskan staðal og afturkalla þann íslenska ef hann stangast á við evrópustaðal, nema réttlæt看ingarsjónarmið eigi við
- j. íhuga þörf fyrir þýðingu staðla, gera tillögu að séríslenskri stöðlun og huga að fjármögnun slíkra verkefna
- k. gera tillögur að staðfestingu ISO staðla sem íslenskra þar sem það á við
- l. gera tillögur að alþjóðlegum verkefnum þar sem áhugi og fjármögnun íslenskra aðila er fyrir hendi.

4 MEÐFERÐ ÁGREININGS

4.1. Ágreiningur við gerð séríslenskra staðla og við þýðingarvinnu

Leitast er við að ná sammæli um frumvörp sem ætlunin er að staðfesta sem íslenska staðla. Náist ekki sammæli um tiltekin ágreiningsefni getur tækninefndin sem fer með málið íhugað að fella brott þau atriði sem ekki næst sammæli um. Náist ekki sammæli um veigamikil atriði stöðlunarskjalsins skal málið tekið upp með framkvæmdastjóra Staðlaráðs og stjórn fagstaðlaráðsins, eða eftir atvikum stjórn Staðlaráðs, til að leita lausna á ágreiningnum.

Framkvæmdastjóra Staðlaráðs er heimilt að ákveða að setja frekari vinnu tækninefndarinnar í bið á meðan unnið er að úrlausn ágreinings að höfðu samráði við viðkomandi fagstaðlaráð. Honum er einnig heimilt að skipa einn eða fleiri óhlutdræga sáttamiðlara til að vinna að lausn ágreinings.

Náist þrátt fyrir ofangreint ekki sammæli um efni stöðlunarskjalsins til að ljúka við útgáfu frumvarps skal nefndin íhuga að gefa það samt sem áður út en þá ekki sem stöðlunarskjal enda skortir þá nauðsynlegt sammæli. Ákvörðun um það skal tekin af viðkomandi fagstaðlaráði og stjórn Staðlaráðs Íslands.

4.2. Ágreiningur í spegilnefndum

Komi upp ágreiningur um eina eða fleiri íslenskar athugasemdir í spegilnefnd skulu formaður og ritari leita lausna á þeim ágreiningi. Náist ekki sammæli um athugasemdir sendir Staðlaráð Íslands athugasemdina ekki til tækninefndarinnar.

Komi upp ágreiningur um atkvæðagreiðslu í spegilnefndinni skulu formaður og ritari leita lausna á þeim ágreiningi. Náist ekki sammæli um afstöðu í atkvæðagreiðslu getur nefndin valið að sitja hjá við atkvæðagreiðsluna. Áfrýja má ákvörðun um hjásetu til stjórnar Staðlaráðs.

4.3. Kvartanir

Staðlaráð Íslands skal sjá til þess að allir geti komið á framfæri formlegri kvörtun vegna stöðlunarferla, staðla og innihaldi staðla. Allar kvartanir eru skráðar í samræmi við vottað gæðastjórnunarkerfi Staðlaráðs Íslands og meðhöndlaðar samkvæmt því.

5 AÐILD AÐ ISO, IEC, CEN, CENELEC OG ETSI

Aðild Staðlaráðs Íslands að evrópskum og alþjóðlegum staðlasamtökum krefst þess að aðildarkröfur þeirra séu uppfylltar og verklagsreglum um stöðlunarvinnu sé fylgt samanber einnig verklagsreglur í vottuðu gæðastjórnunarkerfi Staðlaráðs Íslands.

VIÐAUKI 1

Formennska í tækninefndum

Formaður skal:

- a. Stýra nefndarfundum
- b. Skipuleggja starf nefndarinnar þannig að það endurspegli umboð og áætlun um framvindu
- c. Vera lausna- og árangursmiðaður og tryggja aðgengi allra að gögnum og vinnuferlum
- d. Leita sammælis ef sjónarmið nefndarmanna eru ósamrýmanleg
- e. Rækja starf sitt af hlutleysi og miðla málum þegar þess gerist þörf
- f. Leiða starf tækninefndarinnar í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi en formanni er heimilt að fela öðrum nefndarmönnum þetta hlutverk
- g. Tryggja að tækninefndin og meðlimir hennar fari að þeim reglum sem settar hafa verið um staðlastarf

VIÐAUKI 2

Ábyrgð og skyldur tækninefndarfulltrúa

Fulltrúar í tækninefndum skulu:

- a. Taka þátt í fundum nefndarinnar og styðja markmið nefndarinnar
- b. Skila framlagi sínu innan þeirra fresta sem unnið er eftir og tefja vinnu nefndarinnar ekki að óþörfu
- c. Taka virkan þátt í gerð frumvarpa, innlendra viðbóta og gerð athugasemda við frumvörp alþjóðlegra staðla
- d. Tryggja að sjónarmið hagsmunaaðilans sem þeir vinna fyrir í nefndinni komi fram þegar ákvarðanir eru teknar um tiltekin mál við staðlagerðina
- e. Kynna sjónarmið spegilnefndarinnar sem fulltrúa Staðlaráðs Íslands á fundum evrópskra eða alþjóðlegra tækninefnda
- f. Leggja sitt af mörkum þegar við á, til dæmis við gerð fylgiskjala, leiðbeininga og svo framvegis.

VIÐAUKI 3

Verkefni ritara

Ritari tækninefndar skal:

- a. Tryggja að ekki sé hafist handa við vinnu án samþykks umboðs, framvinduáætlunar og fjárhagsáætlunar
- b. Fylgjast með fjárreiðum tækninefndar og tryggja að ekki sé farið fram úr samþykktri fjárhagsáætlun
- c. Stuðla að því að nefndin sé þannig samsett að hún endurspegli alla helstu hagsmuni á sviðinu samanber yfirlit í kafla 3.2.2.
- d. Vera nefndarformanni innan handar við að rækja sínar skyldur og stuðla þannig að skilvirkni í vinnu nefndarinnar
- e. Undirbúa tillögur að frumvörpum, innlendar viðbætur og undirbúa og hafa faglegt eftirlit með þýðingum
- f. Tryggja að frumvörp séu unnin í samræmi við gildandi reglur og verklag
- g. Tilkynna um ný stöðlunarverkefni, breytingar og endurskoðun á gildandi stöðlum til CEN og CENELEC
- h. Tryggja að ef fram kemur ósamræmi milli innlendra stöðlunarverkefna og evrópskra eða alþjóðlegra staðla séu frávik séu tilkynnt eins fljótt og auðið er
- i. Tryggja að frumvörp séu auglýst til umsagnar og að athugasemdir sem berast fái viðeigandi umfjöllun og skráningu
- j. Hafa eftirlit með skörun á sviði innlendar stöðlunar og samræma vinnu tækninefnda þar sem stöðlunarverkefni skarast
- k. Fylgjast með störfum tækninefnda evrópskra og alþjóðlegra staðlasamtaka og halda fagstaðlaráði upplýstu um störf þeirra
- l. Tryggja að stöðlunarskjal sé flokkað eftir viðeigandi ICS kóða
- m. Veita aðstoð við að skrifa athugasemdir við frumvörp á ensku
- n. Tryggja að sendar séu athugasemdir um evrópsk og alþjóðleg stöðlunarverkefni í samræmi við reglur þar um og samkvæmt sammæli í innlendu tækninefndinni
- o. Sitja hjá í atkvæðagreiðslum og könnunum þar sem íslenskir hagsmunir eru ekki fyrir hendi
- p. Fylgja eftir ágreiningi um einstök mál samkvæmt reglum um meðferð ágreinings í kafla 4
- q. Tryggja að frumvörp til stöðlunarskjala uppfylli gæðakröfur sem gerðar eru til slíkra skjala
- r. Gefa álit um samþykkt, endurskoðun eða afturköllun íslenskra staðla
- s. Gefa álit um staðfestingu alþjóðlegra staðla
- t. Upplýsa sérfræðinga og fulltrúa Staðlaráðs Íslands um hlutverk þeirra, verkefni og ábyrgð á fundum staðlasamtaka erlendis
- u. Taka þátt í fundum evrópskra og alþjóðlegra staðlasamtaka eftir þörfum
- v. Rita fundargerðir nefndafunda
- w. Tryggja að nefndarmenn hafi aðgang að öllum gögnum sem varða stöðlunarvinnu þeirra og uppfæra breytingar á nefndum og vinnuhópum
- x. Tryggja að störf tækninefnda séu unnin í samræmi við verklagsreglur vottaðs gæðastjórnunarkerfis Staðlaráðs Íslands
- y. Veita upplýsingar um störf nefndanna á vefsvæði fagstaðlaráðanna á heimasíðu Staðlaráðs Íslands og viðhalda upplýsingum þar
- z. Almennast annast þau störf önnur sem tækninefnd felur honum.

VIÐAUKI 4

Leiðbeiningar um samkeppnissjónarmið vegna þátttöku í staðlastarfi

Samkeppnislög og reglur sem banna myndun einokunaraðstöðu á mörkuðum eru settar til að tryggja neytendum nýsköpun og gæði á besta fánlega verði. Stundum þarfnast virk samkeppni þó samvinnu á milli aðila sem annars keppa um viðskiptavinum.

Þróun staðla er dæmi um samvinnu sem leiðir af sér tækniþróun og velmegun. Samvinnan þarf þó að uppfylla kröfur samkeppnislaga því brot á ákvæðum laganna getur unnið gegn heildarhagsmunum neytenda og almennings.

BANN:

Samkeppnislög innihalda nokkrar meginreglur sem þátttakendur í staðlastarfi þurfa að kunna:

Bann er lagt við samkeppnishömlum, bæði hömlum markaðsráðandi fyrirtækja en einnig samningum á milli fyrirtækja sem hafa sömu áhrif. Samkeppnislög nr. 44/2005 hafa að geyma ítarlega útfærslu á bannákvæðum en í stuttu máli má draga þau saman í eftirfarandi:

Samningar og samstilltar aðgerðir milli fyrirtækja sem; hafa áhrif á verð vöru eða verðstrategíu, svo sem afslætti, álagningu eða önnur viðskiptakjör og hvers kyns takmörkun eða stýringu á framleiðslu, mörkuðum, tækniþróun eða fjárfestingu. Óheimilt er að skipta mörkuðum eða birgðalindum með sér og óheimilt að mismuna viðskiptaaðilum með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum eða setja skilyrði fyrir samningagerð þannig að aðrir viðsemjendur taki á sig viðbótarskuldbindingar.

Misnotkun markaðsráðandi fyrirtækja á markaði er einnig bönnuð. Í því felst að óheimilt er að krefjast ósanngjarns kaup- eða söluverðs eða setja ósanngjarna viðskiptaskilmála. Óheimilt er að setja takmarkanir á framleiðslu, markaði eða tækniþróun, neytendum til tjóns. Óheimilt er viðskiptaaðilum sé mismunað í sams konar viðskiptum eða setja skilyrði fyrir samningagerð að viðsemjendur taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna.

KRÖFUR:

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur sett fjórar meginreglur sem fylgja þarf í staðlastarfi til að það sé talið uppfylla samkeppnislög og -reglur.

1. Þátttaka í staðlastarfi þarf að vera öllum opin og án takmarkana þannig að allir hagsmunaaðilar geti tekið þátt í myndun viðmiða sem sammælt er um að fylgja. Staðlastofnunin sem leiðir starfið þarf að tryggja að allir sem hagsmuni geta haft af þátttöku við gerð staðals hafi tækifæri til þátttöku. Reglur um atkvæðagreiðslu um staðalinn þurfa að vera sanngjarnar og án mismununar.
2. Þátttaka í staðlastarfi þarf að vera gagnsæ og skráð til að tryggja þau góðu vinnubrögð sem staðlastarf byggir á, það er að sérfræðingar á tilteknu sviði samhæfi lausnir sem tryggja betri þjónustu, meiri gæði og farvegi fyrir lausnir á sameiginlegum verkefnum. Í því felst að ferill vinnunnar þarf að vera skipulagður og traustur og aðgengi að upplýsingum um yfirstandandi og fyrirhugaða vinnu þarf að vera til staðar þannig að allir hagsmunaaðilar geti gert sér grein fyrir ákvörðunum sem framundan eru og þannig tryggt gagnsæi og traust.
3. Staðallinn þarf að vera valfrjáls til notkunar þannig að hagsmunaaðilar læsist ekki inni í tiltekinni lausn og geti áfram þróað aðrar lausnir sem kunna að henta. Þetta er einnig mikilvægt til að einstakir hagsmunaaðilar hafi síður færi á að misnota aðstöðu sína til að læsa

inni í staðli lausnir sem þeir sjálfir hafa einkaleyfi á og þannig komið á ólögmetu ástandi á tilteknum markaði. Sé ætlunin að nota einkaleyfi í staðli þarf staðlastofnun að tryggja aðgengi að því, mögulega með leyfissamningum, eða finna aðra leið til að leysa slíkt vandamál.

4. Aðgengi að staðli þarf að vera óheft og notkun hans sanngjörn og án mismununar þannig að allir hagsmunaaðilar eigi jafna möguleika á að nota hann.

Þátttaka hagsmunaaðila og keppninauta á markaði, í staðlastarfi og samvinnu þar um þarf að uppfylla eftirtaldar kröfur;

1. Dagskrár funda þurfa að vera skriflegar og liggja fyrir, fyrir fundi.
2. Fundargerðir þurfa að vera skriflegar og aðgengilegar.
3. Óheimilt samráð má ekki eiga sér stað á óformlegum fundum í staðlastarfi né heldur í samskiptum aðila á milli funda eða hvers kyns samskiptum tengdum staðlastarfinu, hvernig sem þeim er háttað. Bannað er að ræða um verðlagningu, samningsskilmála við dreifingaraðila eða aðra viðskiptavini, afslætti, tímasetningar á verðbreytingum, hagnað, framlegð, kostnaðarverð, markaðshlutdeild, viðskiptavinalista, markaðsáætlanir, tilboðsgerð, útboð og framtíðarþróun, -stefnu eða -markaðsaðstæður.
4. Þar sem staðlar eru alla jafna valfrjálsir er óheimilt að gera með sér samkomulag um innleiðingu þeirra eða eða ræða um tímasetningar sem gefa til kynna hvenær afurðir sem byggja á stöðlum verða markaðssettar.
5. Einstakir þátttakendur í staðlastarfi hafa heimild til að ræða um og kynna markaðsmöguleika og þarfir neytenda í víðu samhengi. Einstökum þátttakendum eða hluta þeirra er óheimilt að gera neytendakannanir eða markaðsrannsóknir án þess að Staðlaráði sé gert viðvart og það samþykki slíkt starf.
6. Formaður tækninefndarinnar eða vinnuhópsins ber ábyrgð á að nefndin starfi í samræmi við samkeppnislög og -reglur.

VIÐAUKI 5

Staða stöðlunarskjal		90 Ákvörðun					
	00 Upphaf	20 Vinna hefst	60 Vinnu lýkur	92 Endurtekt fyrir ferlis	99 Endurtekt sama ferlis	98 Hætt við	99 Áframlid
10 Hugmynd/tillaga	10.00 Ritari fagstaðlaráðs tekur á móti hugmynd	10.20 Hugmynd fullskilgreind af hagsmunaaðilum	10.60 Fagstaðlaráð rýnir hugmynd og tekur ákvörðun um framhald	92 Endurtekt fyrir ferlis	99 Endurtekt sama ferlis	98 Hætt við	99 Áframlid
20 Undirbúningsstig	20.00 Tækninefnd/vinnu-hópur stofnuð	20.20 Tækninefnd/vinnu-hópur ritar drög að frumvarpi stöðlunarskjals	20.60 Tækninefnd/vinnu-hópur ritar drög að stöðlunarskjali og rýnir	92 Endurtekt fyrir ferlis	99 Endurtekt sama ferlis	98 Hætt við	99 Áframlid
30 Fagstaðlaráð	30.00 Frumvarp sent fagstaðlaráði	30.20 Frumvarp rýnt af fagstaðlaráði	30.60 Fagstaðlaráð tekur ákvörðun um framhald	92 Endurtekt fyrir ferlis	99 Endurtekt sama ferlis	98 Hætt við	99 Áframlid
40 Umsagnarstig	40.00 Staðlaráð tekur við frumvarpi til umsagnar	40.20 Staðlaráð auglýsir frumvarp, ritari staðfestingarnefndar tekur við umsögnum og athugasemdum. Ritari staðfestingarnefndar tekur saman greinargerð með umsögnum og athugasemdum	40.60 Ritari staðfestingarnefndar sendir ritara fagstaðlaráðs greinargerðina og ráðið tekur afstöðu til þeirra	92 Endurtekt fyrir ferlis	99 Endurtekt sama ferlis	98 Hætt við	99 Áframlid
50 Staðfesting	50.00 Ritari fagstaðlaráðs sendir staðfestingarnefnd frumvarp ásamt greinargerð	50.20 Staðfestingarnefnd rýnir gögn	50.60 Staðfestingarnefnd tekur afstöðu til staðfestingar	92 Endurtekt fyrir ferlis	99 Endurtekt sama ferlis	98 Hætt við	99 Áframlid
60 Útgáfa	60.00 Staðlaráð móttækur gögn frá staðfestingarnefnd	60.20 Staðall settur í Staðlaskrá og Staðlabúð og auglýsing í Staðlatíðindi	60.60 Staðlaráð gefur út staðal	92 Endurtekt fyrir ferlis	99 Endurtekt sama ferlis	98 Hætt við	99 Áframlid
90 Endurskoðun		90.20 Rýni fagstaðlaráðs varðandi endurskoðun staðla	90.60 Rýni fagstaðlaráðs lýkur og ákvörðun tekin um hvort endurskoða þurfi staðal	92 Endurtekt fyrir ferlis	99 Endurtekt sama ferlis	98 Hætt við	99 Áframlid
95 Niðurfelling staðals	95.00 Ákvörðun fagstaðlaráðs send staðfestingarnefnd	95.20 Staðfestingarnefnd rýnir ákvörðun	95.60 Staðfestingarnefnd tekur afstöðu til ákvörðunar	92 Endurtekt fyrir ferlis	99 Endurtekt sama ferlis	98 Hætt við	99 Áframlid